



NÝR FJÖLSKYLDUSÖNGLEIKUR

GALLSTEINAR AFA GISSA

Eftir Karl Ágúst Úlfsson, Kristínu Helgu Gunnarsdóttur og Þorvald Bjarna Þorvaldsson

Frumskýndur 23. febrúar 2019 í Samkomuhúsinu.



Eitt sinn fyrir langa löngu var sjö ára gamall steinasafnari sem langaði mikið að eignast gallsteina í safnið sitt. Hann fann aldrei þannig steina og var mjög leiður þar sem hann taldi líklegt að gallsteinar væru óskasteinar. Þessi steinasafnari gaf mér hugmyndina að sögunni um Gallsteina afa Gissa.



Hvers myndum við óska okkur ef við ættum óskasteina? Myndi ég óska að ég ætti óendanlega margar óskir? Væri það ekki stórhættuleg ósk? Myndir þú óska þér að það væri alltaf sumar? Að þú værir heimsmeistari í trampólínstökki? Að kókosbollur væru hollar? Að þú gætir tímaflakkað? Að allir dagar væru sunnudagar? Eða áttu erfiða foreldra sem mætti laga? Leiðinleg systkini?

Við eigum ótal vandamál sem okkur langar að leysa að eilífu. Flestir í heiminum reyna að vanda sig að vera til. Það tekst ekki alltaf sem best. Foreldrar reyna að hugsa vel um börnin sín. Stundum gengur það ágætlega upp. Börn reyna líka að standa sig. Þau reyna alla daga að vera þar sem þau eiga að vera, gera það sem þau eiga að gera og hugsa það sem þeim er sagt að hugsa. Það gengur upp og niður.

Og fullorðnir ráða yfir öllu og öllum – allsstaðar. Þeir ráða hvenær börn sofa, hvenær þau fara og hvenær þau koma, hvernig þau klæða sig og jafnvel líka hvað þau borða. Þannig getur krakki ekki ættleitt villisnák og haft inni hjá sér. Annar krakki getur ekki fengið sér hlaupkalla á hverjum degi í morgunmat eða farið út að leika á nóttunni. Það er alltaf einhver fullorðinn sem stoppar þannig háttalag.

Kannski er ekki gott að einn ráði of mikið yfir öðrum og ef til vill rætast óskirnar mestar og bestar þegar við tölum saman. Ef til vill getum við sjálf látið óskir hvers annars rætast. Þá þurfum við ekki óskasteina.

Gissalega góða skemmtun og gættu þess hvers þú óskar þér!

Kristín Helga Gunnarsdóttir



LISTRÆNIR STJÓRNENDUR OG TEYMIÐ

Handrit	Karl Ágúst Úlfsson og Kristín Helga Gunnarsdóttir
Söngtextar	Karl Ágúst Úlfsson
Tónlist	Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson
Leikstjórn	Ágústa Skúladóttir
Leikmynd og búningar	Þórunn María Jónsdóttir
Tónlistarstjóri	Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson
Hljóðmynd	Gunnar Sigurbjörnsson
Ljósahönnun	Lárus Heiðar Sveinsson
Sýningastjórn	Þórunn Geirsdóttir
Danshöfundur/aðst. leikstjóri	Katrín Mist Haraldsdóttir
Yfirumsjón sviðsvinnu og -lausna	Einar Rúnarsson
Hár og gervi	Harpa Birgisdóttir
Gervi, smink og búningasaumur	Soffía Margrét Hafþórsdóttir
Búningasaumur	Kristín Þöll Þórsdóttir
Leikmunir	Nanna Guðmundsdóttir
Aðstoð við gerð leikmuna og búninga	Heiðdís Halla Bjarnadóttir
Sviðsmaður	Ólafur Ingi Sigurðsson
Hljóð- og ljósastjórn	Auðunn Arnarsson og Þorsteinn Jón Thorlacius

LEIKARAR

Úlfur unglingskrímsli, Skarphéðinn sjúklingur,
Snjólfur yfirmaður, lögreglupjónn, Skúli skólastjóri.

Bogga, geimvera

Jónína nágranni, Svanlaug Schöth sjúklingur, geimvera, Elsa
kennari, kennari Úlfs, Bára frá barnaverndarnefnd, pizzusendill

Pabbinn

Benedikt Karl Gröndal

Mamman

María Pálsdóttir

Gríma

Steingerður Snorradóttir og Þórgunnur Una Jónsdóttir

Torfi

Daníel Freyr Stefánsson og Örn Heiðar Lárusson

Afi Gissi

Karl Ágúst Úlfsson

Jóhann Axel Ingólfsson

Margrét Sverrisdóttir

Birna Pétursdóttir

HLJÓÐFÆRALEIKARAR Á UPPTÖKUM

Harmónikka, fiðla

Jaan Alavere

Píanó

Daníel Þorsteinsson

Gítar, hljómborð, söngur

Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson

Trompet

Vilhjálmur Sigurðsson og Sóley

Björk Einarsdóttir

Kontrabassi og rafbassi

Pálmi Gunnarsson

Trommur

Einar Valur Scheving

Saxafónn, klarínett og flauta

Philip Doyle

Gítar, mandólín og banjó

Kristján Edelstein

HLJÓMSVEIT Á SÝNINGUM

Jaan Alavere

Philip Doyle

Kristján Edelstein



SÉRSTAKAR ÞAKKIR

Arnaldur Haraldsson FSA

Elísabet Gestsdóttir FSA

Hannes Reynisson FSA

Helga Magnea Jóhannsdóttir

Hávarður Tryggvason

Jóhann Eyþórsson Hertex

Kolbrún Lilja Guðnadóttir

Kristján Edelstein

Núsnús

Richard Cowden

Sigrún Magna Þórsteinsdóttir

Þórhildur Örvarsdóttir

LEIKARAR

Benedikt Karl Gröndal

Benedikt Karl Gröndal útskrifaðist sem leikari úr The Commedia School sumarið 2009. Eftir útskrift hefur hann leikið með GRAL leikhópnum í sýningum á borð við Endalok alheimsins, Eiðurinn og eitthvað og nú síðast Svartlyng. Hann hefur einnig leikið í sýningunum Trúðleikur, Nóttin var sú ágæt ein, Útlenski drengurinn og Útundan sem sýnd voru í Tjarnarbió. Hjá Leikfélagi Akureyrar hefur hann leikið í sýningunum Lís í Undralandi, Býr Íslendingur hér, Þetta er grín án djóks, Píla Pína, Helga magra og Sjeikspír eins og hann leggur sig. Benedikt hefur einnig leikið í sjónvarpi.

Birna Pétursdóttir

Birna Pétursdóttir lauk BA-námi í leiklist frá Rose Bruford College í London árið 2012. Hún er ein af stofnendum leikhópsins Umskiptinga, en hópurinn var tilnefndur til Grímunnar 2017, í kjölfar uppsetningar á frumsamda verkinu Framhá rauða húsinu og niður stigann. Hún lék Fräulein Kost í söngleiknum Kabarett sem frumsýndur var í Samkomuhúsinu í október 2018. Birna hefur undanfarin ár unnið mikið í dagskrárgerð fyrir sjónvarp, framleiðslu og blaðamennsku, samhliða leiklistarkennslu og leikritun.

Jóhann Axel Ingólfsson

Jóhann Axel Ingólfsson útskrifaðist sem leikari frá Stella Adler Studio of Acting í New York vorið 2016. Haustið 2016 lék hann í Elska – ástarsögur Norðlendinga sem leikhópurinn Artik setti upp og sýnt var í Hofi. Í fyrra lék hann í gamanleiknum Sjeikspír eins og hann leggur sig og Krumma í Krúnk krúnk og dirrindí hjá Leikfélagi Akureyrar. Hann lék Ernst Ludwig í söngleiknum Kabarett og mun á þessu ári einnig leika í verkinu Djákninn á Myrká – sagan sem aldrei var sögð, sem einnig verður sýnt hjá Leikfélagi Akureyrar.

Karl Ágúst Úlfsson

Karl Ágúst útskrifaðist frá Leiklistarskóla Íslands árið 1981. Hann hefur leikið mikinn fjölda hlutverka á leiksviði, í sjónvarpi og kvikmyndum. Hjá Leikfélagi Reykjavíkur lék hann m.a. í Undir álminum, Sölkur Völku, Írlandskortinu, Guð gaf mér eyra, Draumur á

Jónsmessunótt, Land míns föður, Síldin er komin, Harry og Heimir og Beint í æð. Í Þjóðleikhúsinu hefur hann meðal annars leikið í Skugga-Sveini, Valborgu og bekknum, Uppreisn á ísafirði, Rómúlusi mikla, Örfá sæti laus, Móðurharðindunum og Umhverfis jörðina á 80 dögum. Karl hefur einnig starfað með sjálfstæðum leikhópum, m.a. í sýningunum Þjóðhátíð, Flensað í Malakoff, Ó, þessi þjóð, Góði dátinn Svejk og Hasek vinur hans, How to Become Icelandic in 60 Minutes og Í skugga Sveins. Árið 1985 stofnaði Karl Spaugstofuna ásamt fjórum félögum sínum. Spaugstofan starfaði í 30 ár og framleiddi u.þ.b. 500 sjónvarpsþætti, ógrynni af útvarpsefni og ferðaleiksýningarnar Í gegnum grínmúrinn, Spaugstofan á fleygiferð og Enn einn hringurinn auk afmælis- og kveðjusýningarinnar Yfir til þín, sem sýnd var í Þjóðleikhúsinu. Karl Ágúst lék Herr Schultz í söngleiknum Kabarett í Samkomuhúsinu í byrjun leikárs.

Margrét Sverrisdóttir

Margrét Sverrisdóttir útskrifaðist úr BA-námi í leiklist frá Arts Ed London árið 2003. Frá útskrift hefur hún skrifað, leikið og leikstýrt bæði í sjónvarpi og leikhúsi. Hún er Umskiptingur og leikstýrði þeirra fyrstu sýningu, Fram há rauða húsinu og niður stigann sumarið 2017. Hún var umsjónarkona Stundarinnar okkar hjá Rúv í tvö ár, skrifaði og lék aðalpersónuna, Skottu. Leikhúsverkefni eru m.a. Halla, Þöggun, Heilsugæslan og svo Bólu-Hjálmar, sem fékk Grímuverðlaunin 2009. Margrét hefur verið sérlegur uppalandi Jólásveinanna í Dimmuborgum frá upphafi.

María Pálsdóttir

María Pálsdóttir útskrifaðist úr Leiklistarskóla Íslands árið 1999. Hún lék í Veislunni, Dínamít, Halldór í Hollywood, Virkinu, Eldhúsi eftir máli og Fíusól í Þjóðleikhúsinu. Einnig hefur hún leikið töluvert með Leikfélagi Akureyrar, síðast Kellinguna í Gullna hliðinu og var hún tilnefnd til Grímunnar fyrir það. Hún lék Höllu í Höllu og Kára með Hafnarfjarðarleikhúsinu og Krumpu í Hvítt í Gaflaraleikhúsinu. Hún fór í framhaldsnám í leiklist til Finnlands og er stofnmeðlimur leikhópsins Subfrau sem á að baki 8 sýningar. Hún skipar leikhópinn Þörupilta ásamt Sólveigu Guðmundsdóttur og Alexiu Björgu Jóhannesdóttur og hafa þær sýnt Kynfræðslu Þörupilta fyrir unglunga síðustu fimm ár.



LISTRÆNIR

Ágústa Skúladóttir Leikstjóri

Ágústa Skúladóttir lærði leiklist hjá Monicu Pagneux, Philippe Gauliere, Theatre De Complicite, John Wright og David Glass. Hún hefur leikstýrt um það bil 60 leiksýningum á undanförunum 20 árum, einkum á nýjum íslenskum verkum. Hún hefur hlotið margvísleg verðlaun og viðurkenningar fyrir leiksýningar sínar, meðal annars menningarverðlaun Ibby samtakanna fyrir Grimmsævintýri hjá Leikfélagi Kópavogs og Grímuverðlaunin fyrir Klaufa og kóngsdætur, Bólu-Hjálmar og Í skugga Sveins, sem allar urðu barnasýningar ársins. Sýningar hennar Ballið á Bessastöðum, Herra Pottur og Ungfrú Lok, Landið Vifra, Aladdín og Lína langsokkur voru einnig tilnefndar til sömu verðlauna, en að auki var Ágústa tilnefnd sem leikstjóri ársins fyrir Línu. Árið 2009 hlaut hún Stefaniustjakann fyrir störf sín í leikhúsinu. Meðal annarra sýninga hennar má nefna Háaloft, Angels of the Universe, Sellófon, Memento Mori, Ævintýri Munkhásens, Ubba kóng, Svarta kassann, Góða dátann Svejk og Hasek vin hans og Hjartaspaða, en síðastnefnda sýningin var tilnefnd til sprotaverðlauna Grímunnar. Auk þeirra sýninga sem fyrr eru nefndar hefur Þjóðleikhúsið sýnt uppfærslur Ágústu á Dýrnum í Hálsaskógi, Halldóri í Hollywood, Umhverfis jörðina á 80 dögum og Eldhúsi eftir máli, sem hlaut menningarverðlaun DV og var síðar flutt í Konunglega leikhúsinu í Kaupmannahöfn eins og sýning Ágústu á Umbreytingu eftir Bernd Ogronnik. Þá eru ótaldar óperu sýningarnar Cosy fan tutte, Ástardrykkurinn og Töfraflautan, sem var fyrsta uppfærsla Íslensku óperunnar í Elborgarsal Hörpu, og nú síðast Rakarinn í Sevilla. Hjá Leikfélagi Akureyrar hefur Ágústa áður sett upp sýningarnar Öldin okkar og Kvenfólk, báðar eftir Hund í óskilum, en sú síðari var tilnefnd til tvennra Grímuverðlauna og er nú sýnd í Borgaleikhúsinu við miklar vinsældir.

Kristín Helga Gunnarsdóttir Höfundur leikgerðar

Kristín Helga Gunnarsdóttir stundaði nám við Háskólann í Barcelona og lauk BA-prófi í spænsku og fjölmiðlafræði frá University of Utah í Salt Lake City árið 1987. Frá 1998 hefur hún einbeitt sér að skrifum og blaðamennsku. Fyrsta bók Kristínar Helgu, Elsku besta Binna mín, kom út árið 1997 og síðan hefur hún sent frá sér hátt í þrjátíu skáldsögur fyrir börn og fjölskyldur, auk leikverka, sjónvarpshandrita og annars efnis. Hún hefur tvívegis hlotið barnabókaverðlaun Reykjavíkurborgar og einnig Fjöruverðlaun kvenna tvisvar. Þá hefur

hún hlotið Vestnorrænu barna- og unglingabókaverðlaunin og verið tilnefnd til bókmenntaverðlauna Norðurlandaráðs í flokki barnabóka fyrir Íslands hönd. Hún hefur margsinnis hlotið Bókaverðlaun barna og verið tilnefnd til íslensku bókmenntaverðlaunanna. Auk þess hefur Kristín Helga fengið Sögusteininn, barnabókaverðlaun IBBY á Íslandi, og verið framlag Íslands til ALMA, verðlauna Astridar Lindgren nokkur ár í röð.

Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson Höfundur tónlistar

Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson, framkvæmdastjóri SN/SinfoniaNord, er tónskáld, upptökustjóri og framleiðandi. Hann er stofnandi og lagahöfundur hljómsveitarinnar Todmobile. Hann hefur samið tónlist fyrir söngleiki eins og Ávaxtakörfuna, Benedikt búálf, Gosa, og Gulleyjuna, auk þess að tónlistarstýra leikhúsuppfærslum eins og Vesalingunum, Kabarett, Evita, Rocky Horror, Hárinu, Grease og Spamalot. Hann hefur samið fjölda tónverka fyrir hljómsveitir og hljóðfærahópa. Þorvaldur hefur tvívegis hlotið Íslensku tónlistarverðlaunin og verið tilnefndur til Grímu og Edduverðlaunanna.

Karl Ágúst Úlfsson Höfundur handrits og söngtexta

Karl Ágúst Úlfsson hefur starfað sem leikstjóri, leikskáld og handritshöfundur bæði austan hafs og vestan. Hann lauk meistaraþáttu í leikritun við Ohio University árið 1994. Karl hefur áður skrifað söngleikina Örfá sæti laus, Fagra veröld, Ó, þessi þjóð, Sól og Máni, Gosi, Gulleyjan, Umhverfis jörðina á 80 dögum og Í skugga Sveins, sem hlaut Grímuverðlaun á síðasta ári sem barnasýning ársins. Nokkur af verkum Karls hafa verið sett á svið í Bandaríkjunum, m.a. The Guarding Angel, Body Parts og The Iceman Is Here. Karl hlaut Íslensku menntaverðlaunin árið 2007 ásamt Ásdísi Olsen fyrir námsefni í lífsleikni, bækurnar Ég er bara ég, Kynlega klippt og skorið og Kynlíf. Auk þess sem fyrr er talið liggur eftir Karl Ágúst fjöldi verka fyrir leiksvið, sjónvarp, útvarp og hvíta tjaldið. Hann var handritshöfundur Spaugstofunnar þau 30 ár sem hún starfaði en eftir hann liggur einnig mikill fjöldi þýðinga. Fyrir Leikfélag Akureyrar þýddi hann verkin Farsæll farsi, Lísu og Lísu og Kabarett, sem frumsýnt var fyrr í vetur.

STJORNENDUR

ÁFH

Þórunn María Jónsdóttir Leikmynda- og búningahönnuður

Þórunn María Jónsdóttir lærði í Frakklandi og Belgíu þar sem hún bjó, nam og starfaði í tólf ár. Hún hefur hannað búninga og/eða leikmyndir fyrir yfir 60 leikverk, óperur, danssýningar og kvikmyndir á síðustu 20 árum. Þar á meðal eru sýningar á borð við Ég dey, Samþykki, Ahh..., Hafíð, Suss!, Endataft, Segulsvið, Furðulegt háttalag hunds um nótt og Hús Bernhörðu Alba. Þórunn María hefur fengið sex tilnefningar til Grímuverðlauna.

Gunnar Sigurbjörnsson Hljóðhönnuður

Gunnar Sigurbjörnsson hljóðhönnuður hefur komið að fjölda sýninga Leikfélags Akureyrar allt frá 1986. Meðal þeirra eru Kabarett, Óvitar, Fló á skinni, Fúlar á móti, Litla hryllingsbúðin, Rocky Horror, 39 þrep, Gulleyjan, Öldin okkar og Kvenfólk í flutningi Hunds í óskilum. Sýningar sem Gunnar hefur unnið fyrir Leikfélag Reykjavíkur eru Mýs og menn, Bastarðar, Jeppi á fjalli, Billy Elliot, Mamma Mia og Rocky Horror.

LISTRÆNIR STJÓRNENDUR

Lárus Heiðar Sveinsson Ljósahönnuður

Lárus Heiðar er fastráðinn starfsmaður Menningarfélags Akureyrar. Hann hefur unnið hjá Leikfélagi Akureyrar frá 2005, með hléum. Hann hefur lýst fjölda leiksýninga, þar á meðal eru Þögli þjónninn, Svarta kómedian, Fúlar á móti, Lápur, Skrápur og jólaskapið, Hárið og nú síðast Kvenfólk sem sýnt er í Borgarleikhúsinu.

Katrín Mist Haraldsdóttir Danshöfundur og aðstoðarleikstjóri

Katrín Mist Haraldsdóttir útskrifaðist sem leikari frá Circle in the Square Theater School í New York vorið 2013. Frá útskrift hefur hún að mestu starfað við dans- og hreyfihönnun ásamt því að reka Dansstúdíó Alice. Katrín Mist sá meðal annars um dans- og sviðshreyfingar í verkunum Núnó og Júnía, Krunk krunk og dirrendí og Píla Pína hjá Leikfélagi Akureyrar, sem hún hlaut tilnefningu til Grímunnar fyrir árið 2016. Katrín var einnig aðstoðardanshöfundur í söngleiknum Kabarett í uppsetningu Leikfélags Akureyrar í vetur.



SYNGJUM!

AFI GISSI SYNGUR

VÆRI ÞAÐ EKKI ÓTRÚLEGT
EF ALLT GÆTI BREYST?
VÆRI' EKKI FLOTT OG FRÁBÆRT
AÐ FÁ ALLAN VANDA LEYST
MEÐ EINFALDRI ÓSK
BARA ALA-KASÚ
HÓKUS PÓKUS - OG ÓSKIN HEFUR RÆST
OG ÁKVEÐA SÍÐAN HVERS Á AÐ ÓSKA NÆST
EN AÐGÆTTU HVERS ÞÚ ÓSKAR ÞÉR
ÞVÍ ÓSKIR GETA RÆST
AFI GISSI OG RADDIR
ÓSKIR - ÓSKIR
ÓSKIR GETAR RÆST
ÞAÐ ER VISSARA' AÐ FARA VARLEGA
VISSARA' AÐ ÓSKA SPARLEGA
JÁ, ÓSKIR - ÓSKIR
ÓSKIR GETAR RÆST
OG ÉG GET Á ÞAÐ SJÁLFUR SÆST
ÞVÍ SEGI ÉG GÆTTU ÞÍN, ELSKAN MÍN
ÞVÍ ÓSKIR GETA RÆST

MAMMA SYNGUR

Góðan dag, góðan dag, góðan dag, góðan dag, Krakkar!
Ég sagði góðan dag.

GÓÐAN DAG, NÁGRANNI!
GÓÐAN DAG, GÓÐAN DAG!
FARIÐ Í BAÐ!
FARIÐ AÐ BURSTA.
ERUÐ ÞIÐ LÖT?
FARIÐ Í FÖT
REYNIÐ AÐ HLISTA
REYNIÐ AÐ SNÝTA' YKKUR
REYNIÐ AÐ FLÝTA' YKKUR
GREIÐIÐ ÞIÐ HÁR
ERUÐ ÞIÐ KLÁR?

NÚNA!

NÚNA!
FARIÐ Í SKÓLANN
FARIÐI ÚT
KYSST' ESSA KRAKKA
FARIÐ AF STAÐ
ER EITTHVAÐ AÐ?

EINN TVEIR OG ÞRÍR

ALLIR Í GÍR
ALLIR AÐ DRÍFA SIG

ÁSTKÆRU BÖRNIN MÍN
ELSKU KRÚTTIN MÍN DÁSAMLEG
ÉG EIGNA YKKUR BÁÐUM MITT
BLÍÐASTA LAG.
FARIÐ ÞIÐ FRÁ
REYNIÐ AÐ HREYFA' YKKUR
FARIÐI ÚT
FARIÐI INN
VERIÐI HVERGI

PABBI

ÉG VAR AÐ SPÁ
SKO, HÉRNA, JÁ
HVAÐ VAR ÞAÐ NÚ?
HEYRÐU MIG, ÞÚ
HVAÐ SEM ÞÚ HEITIR

TORFI OG GRÍMA

UNGLINGASKRÍMSLI
UNGLINGASKRÍMSLI

ÚLFUR

É NENNIGGI, É FÍLIGGI
É VILIGGI, MI LANGARIGGI
ÞIÐ ADDNA, FRÁ ADDNA
BURT ADDNA, ÚT ADDNA
PÖDDUR

MAMMA

VERIÐ ÞIÐ SÆL
SVONA, EKKERT VÆL
NESTIÐ ER HÉR
STRÆTÓINN FER
EFTIR TVÆR MÍNÚTUR

NEI, ÞETTA ER MINN

HÉRNA Í VASANUM!
DRÍFA SIG ÚT
DRÍFA SIG BURT
DRÍFA SIG ÖLL AF STAÐ
EINN TVEIR OG ÞRÍR
ALLIR Í GÍR
OG HAFIÐ AÐ GOTT Í DAG!

GEIMVERUR

VIÐ STREKKJUM HANN
VIÐ STÆKKUM HANN
VIÐ EIGNUMST HANN
MEÐ TÓL EYRUNUM Í
VIÐ TEYGJUM HANN
VIÐ TOGUM HANN
OG BRÓÐIR OG VINUR VERÐUR HANN
ALDREI ALDREI Á NÝ

VIÐ KOMUM ÓRALANGT UTAN ÚR GEIMNUM
FRÁ UNGLINGOS Í SÓLKERFINU GELGJA

SPURNING HVORT ÞIÐ HEYRIÐ ÞAÐ Á HREIMNUM
EN HÉR ER BARN SEM VÆRI GOTT AÐ SVELGJA
OG BREYTA ÞVÍ Í TOGINLEITAN TÁNING

TÖFFARA SEM FINNST ALLT MEGA GLATAÐ
LÍFIÐ BARA FÚLT OG FERLEG ÞJÁNING
FINNST HANN GETA SYSTKINI SÍN HATAÐ

VIÐ STÆKKUM NEFIÐ, STREKKJUM ALLA ÚTLIMI
STJÓRNLAUSAN VIÐ GERUM HANN Í RÖDDINNI
ÓSKÝRAN Í TALI OG ÚTMÁUM BROS

UNGLINGASKRÍMSLI
UNGLINGASKRÍMSLI

OG ALLT ÞETTA GEÐVONSKUGOS
ER Í BOÐI GEIMVERANNA KNÁU FRÁ UNGLINGOS

HVERNIG VÆRI' AÐ BÆTA Á HANN BÓLUM
BJÓÐA' HONUM AÐ SOFA AÐEINS LENGUR

ÚLFUR

ÆI, ÉG VIL ÞETTA' EKKI
VILJIÐI HÆTTA ÞESSU

GEIMVERA

EINS OG RÆKJA' HANN RUGGAR SÉR Á STÓLUM
RAMBAR EINS OG FÍLL ÞEGAR HANN GENGUR

ÚLFUR

ÉG VIL EKKI VERA SVONA
ÞETTA ER ÖMURLEGT

GEIMVERUR

VIÐ KOMUM ÓRALANGT UTAN ÚR GEIMNUM
FRÁ UNGLINGOS Í SÓLKERFINU GELGJA

ÚLFUR

ÆI, ÉG VIL ÞETTA' EKKI
VILJIÐI HÆTTA ÞESSU

GEIMVERUR

SPURNING HVORT ÞIÐ HEYRIÐ ÞAÐ Á HREIMNUM
EN HÉR ER BARN SEM VÆRI GOTT AÐ SVELGJA

ÚLFUR

ÉG VIL EKKI VERA SVONA
ÞETTA ER ÖMURLEGT!

GEIMVERUR

VIÐ LÁTUM HANN SVO HVERFA INN Í SÍMANN SINN
SVO HANN GETI' EKKI' ANNAÐ GERT VIÐ TÍMANN SINN
AF ÞVÍ FÆR HANN ÓLÆKNANDI GLEÐILOS

UNGLINGASKRÍMSLI
UNGLINGASKRÍMSLI
OG ALLT ÞETTA GEÐVONSKUGOS
ER Í BOÐI GEIMVERANNA KNÁU FRÁ UNGLINGOS



AFI GISSI

HA HA HA HA HA HA
HA HA HA HA HA HAA
HA HA HA HA HA HA HA HA

ALLTAF ER KALLINN JAFN HELVÍTI HRESS
HÉRNA Á SKROKKNUM MÁ SJÁ MERKI ÞESS
ÉG ER MEÐ HÚÐFLÚR Á HÁLSI OG MAGA
Í HVERJU OG EINU BÝR ÓTRÚLEG SAGA
SJÚKLINGAR
SEGÐU' OKKUR GISSUR, Æ SEGÐU OKKUR FRÁ
SÖGURNAR ÞÍNAR, ÞÆR ERU SVO HRESSANDI
ÖLL SEM EITT GLEYMUM VIÐ ÁHYGGJUM ÞÁ
OG ÖLLU SEM VERKAR SVO HUNDFÚLT OG STRESSANDI
OG GÓÐ SAGA ER BETRI EN GLÓANDI GULL
OG GAGNLEGRI EN MEÐALASULL

HA HA HA HA HA HA
HA HA HA HA HA HA

HÉRNA' ER HÚN DORIS Í DÖBLIN
DÉSKOTI FANNST MÉR HÚN FLOTT OG SÆT
OG STERK ÞAU VORU SKO ÁSTARÖFLIN
SEM ORKUÐU' Á MIG SVO ÉG SAGÐI OLRÆT!
SVEI MÉR ÞÁ
SVEI MÉR ÞÁ
HVERNIG HÚN SÖNG

SJÚKLINGUR

DORIS
YOU ARE MY SWEETHEART, OH GISSI
AND I KNOW YOU ARE SO STRONG AND YOU ARE SO
SMART
COME TO ME NOW, DON'T BE SO BUSY
BUT PROMISE ME THAT YOU WON'T FART

HA HA HA HA HA HA
HA HA HA HA HA HA
HÉRNA ER HÚN LÍKA' HÚN LÓLÍTA
LÍKLEGA BÝR HÚN Í GÖMLU RÓM
ÉG MÁTTI' EKKI Á HANA LÍTA
ÞVÍ ALVEG HÚN PLATAÐI MIG UPPÚR SKÓM
SVEI MÉR ÞÁ
SVEI MÉR ÞÁ
HVERNIG HÚN SÖNG

SJÚKLINGUR

LÓLÍTA

MI GISSI, MI GISSI, MI AMORE
VOGLIO SEMPRE CANTARE
MI HAI RUBATO IL CUORE
TI SEI LA MIA TERRA E IL MIO MARE

SEGÐU' OKKUR GISSUR, Æ SEGÐU' OKKUR FRÁ
SÖGURNAR ÞÍNAR, ÞÆR ERU SVO HRESSANDI

ÖLL SEM EITT GLEYMUM VIÐ ÁHYGGJUM ÞÁ
OG ÖLLU SEM VERKAR SVO HUNDFÚLT OG STRESSANDI
OG GÓÐ SAGA ER BETRI EN GLÓANDI GULL
OG GAGNLEGRI' EN MEÐALASULL

AFI GISSI

ÞETTA ER ELSKAN HÚN ÚDÚ
HÚN ÆFÐI SIG Á MÉR Í VÚDÚ
JÁ, GÖLDRUM HÚN BEITTI Á GISSA
SÁ GAMLI VAR NÆR BÚINN Í BUXUR AÐ PISSA
SVEI MÉR ÞÁ
SVEI MÉR ÞÁ
HVERNIG HÚN SÖNG

ÚDÚ OG KÓR

KODI N' HALMA SJA VEDI
BO LAMA SHER FA
NO CAVI DOD DAR A RORED
KODI N' HALMA SJA VEDI
BO LAMA SHER FA
NO CAVI DOD DAR A RORED
SJÚKLINGAR
SEGÐU' OKKUR GISSUR, Æ SEGÐU' OKKUR FRÁ
SÖGURNAR ÞÍNAR, ÞÆR ERU SVO HRESSANDI
ÖLL SEM EITT GLEYMUM VIÐ ÁHYGGJUM ÞÁ
OG ÖLLU SEM VERKAR SVO HUNDFÚLT OG STRESSANDI
OG GÓÐ SAGA ER BETRI EN GLÓANDI GULL
OG GAGNLEGRI EN MEÐALASULL

BOGGA BLÁKOLLA

MEÐAN FALLA MYRKURTJÖLD
OG MÁNINN FER ÚR SPJÖRUM
SEGLIN ÖLL VIÐ SETJUM UPP
SAMAN BURT VIÐ FÖRUM
DRAUMA OKKAR ÓSKASKIP
ÝTA ÞÁ ÚR VÖRUM

AFI GISSI

VIÐ SKULUM, ELSKAN MÍN,
ANGRI DAGSINS GLEYMA
ALLT ÞAÐ SEM ER YNDISLEGT
ÆTLAR ÞIG AÐ DREYMA
OG SKIPIÐ OKKAR SKRÍÐUR HRATT
TIL SKRINGILEGRA HEIMA

AFI GISSI OG BOGGA BLÁKOLLA

SIGLUM UM DRAUMASLÓÐ
SAMAN SAMAN VIÐ TVÖ
ÉG OG ÞÚ, JÓMFRÚ GÓÐ
SIGLUM NÚ SAMAN

SIGLUM UM DRAUMASLÓÐ
SAMAN VIÐ TVÖ
SYNGJANDI LJÚFLINGSLJÓÐ
Í STAFNI SAMAN, ÉG OG ÞÚ

SIGLUM UM DRAUMASLÓÐ
SAMAN VIÐ TVÖ
SYNGJANDI LJÚFLINGSLJÓÐ
Í STAFNI SAMAN, ÉG OG ÞÚ



GRÍMA

GALLSTEINAR Í GLÆRRI KRUKKU
GULIR
ERU BÆÐI' UM LÍF OG LUKKU
DULIR
ÚT ÚR HONUM AFA HLUKKU
Í SIG FORNAN GALDUR DRUKKU
GALLSTEINAR Í GLÆRRI KRUKKU
GULIR



TORFI

EF ÞAÐ VÆRI ENGINN SKÓLI
ALLTAF VÆRUM VIÐ Á HJÓLI
EKKI BARA INNI' AÐ LÆRA
EÐA DÓTIÐ TIL AÐ FÆRA
TAKA TIL Í SORG OG SÚT

GRÍMA

OG EF VIÐ MÆTTUM AÐEINS ÉTA
ALLT SEM KRAKKAR KUNNA' AÐ META
BRJÓSTSYKUR OG BLAND Í POKA
BARA AÐ VIÐ MÆTTUM STROKA
ALLT ÞAÐ ALLRA LEIÐINLEGASTA ÚT

TORFI OG GRÍMA

ÉG VILDI ÞAÐ
ÉG VILDI ÞAÐ
ÉG VILDI AÐ ÞANNIG VÆRI ÞAÐ
AÐ VANDINN SEGÐI BLESS
ÉG VILDI ÓSKA ÞESS
AÐ VIÐ MÆTTUM STROKA' ALLT LEIÐINLEGT ÚT
AÐ VIÐ MÆTTUM STROKA' ALLT LEIÐINLEGT ÚT

GRÍMA

EF ÞAU VILDU AÐEINS HLUSTA
OG EKKI SEGJA „FARÐU AÐ BURSTA!“

TORFI

EF BARA' AÐ MAMMA MYNDI SLAK'Á
OG MYNDI STRESSI SÍNU TAK'Á
SEGJA „JÁ, ÉG SKIL.“

GRÍMA

EN VERST ER AÐ VIÐ EIGUM BRÓÐUR
SEM ER OKKUR SJALDAN GÓÐUR
ÞVÍ HANN ER FURÐUFYRIRBÆRI
MÉR FYNDIST BEST AÐ ÚLFUR VÆRI
VÆRI BARA ALLS EKKI TIL
VÆRI BARA ALLS EKKI TIL

TORFI OG GRÍMA

ÉG VILDI ÞAÐ
ÉG VILDI AÐ
ÉG VILDI AÐ ÞANNIG VÆRI ÞAÐ
AÐ PABBI VÆRI HRESS
ÉG VILDI ÓSKA ÞESS
AÐ VIÐ MÆTTUM STROKA' ALLT LEIÐINLEGT ÚT



AFI GISSI

GALLSTEINAR Í GLÆRRI KRUKKU
GULIR
ERU BÆÐI' UM LÍF OG LUKKU
DULIR
ÚT ÚR HONUM AFA HRUKKU
Í SIG FORNAN GALDUR DRUKKU
GALLSTEINAR Í GLÆRRI KRUKKU
GULIR
GALLSTEINAR Í GLÆRRI KRUKKU
GULIR

MAMMA

GÓÐAN DAGINN, GÓÐAN, DAGINN, GÓÐAN DAGINN
GÓÐAN DAGINN, GÓÐAN DAGINN, GÓÐAN DAGINN, GÓÐAN DAG
KOMIÐ AÐ KÚRA, KRAKKAR
KOMIÐ AÐ TSJILLA, KRAKKAR
KOMIÐ AÐ LEIKA
KOMIÐ AÐ GRILLA, KRAKKAR
KOMIÐ TIL MÖMMU' YKKAR
ALLS EKKI FLÝTA YKKUR
MAMMA SKAL SNÝTA YKKUR

GÓÐAN DAG, GÓÐAN DAG
GÓÐAN DAG

GÓÐAN DAG, GÓÐAN DAG
GÓÐAN DAG, GÓÐAN DAG
GÓÐAN DAG, GÓÐAN DAG
SKÚLI SKÓLASTJÓRI
NÚ LÆT ÉG VITA UM VEIKA KRAKKA
JÁ, VEIKA OG SLAPPA - JÁ, ÉG ÞAKKA
GRÍMA OG TORFI GUÐLAUGSBÖRN - GRÍMA' ER Í FIMMTA
HANN ER Í ÞRIÐJA - JÁ, ÞAU RÉTT SKRIMTA
AF LEIÐINDUM OG ÞREYTU BÆÐI ÞJÁST
ÞAU ÞURFA HVÍLD OG GOTTERÍ OG ÁST

NEI, BARA GRÍN! ÞAÐ ER G-VÍTAMÍNSKORTUR
JÁ, G - UM HANN VAR LJÓÐABÁLKUR ORTUR
VIÐ ÞURFUM A
VIÐ ÞURFUM B
VIÐ ÞURFUM C
VIÐ ÞURFUM D
VIÐ ÞURFUM E
VIÐ ÞURFUM F
VIÐ ÞURFUM GLEÐIVÍTAMÍNID G
EF VIÐ ÆTLUM UPPÁ HÁA C!!!

PABBI

ÉG ER HRESS, ÉG ER HRESS
ÉG ER HRESS, ÉG ER HRESS, HRESS, HRESS
ÉG ER HRESS, HRESS, HRESS, HRESS, HRESS
ÉG ER H - R - E - S - S
ÉG ER HRESS, ÉG ER HRESS, ÉG ER HRESS, HRESS, HRESS
ÉG ER HRESS, HRESS, HRESS, HRESS, HRESS
JÁ, ÉG ER HRESS

ÉG ER HRESS, JÁ, ÉG ER HRESS
EINMITT VEGNA ÞESS
AÐ ÉG ER LAUS VIÐ ÖLL
LEIÐINDI OG STRESS
ÉG ER HRESS, JÁ, VOÐA HRESS
EINS OG SKRÍMSLIÐ Í LOCH NESS
MEÐ ÖÐRUM ORÐUM ER ÉG ALVEG EXTRA EITURHRESS

ÉG STUNDA TENNIS, KARATE OG KÖRFUFÓTBOLTA
ÉG KANN AÐ DANSA ALVEG EINS OG NONNI TRAVOLTA
ÉG SYNDI OG ÉG SKOKKA' OG ÞUNGUM LÓÐUM LYFTI ÉG
Í LEIKFIMINNI KÍLÓUNUM AF MÉR SVIPTI ÉG

O O O O O
O O O O O
TRALLALA TRALLALA
TRALLA LALLA LA
TRALLARARALLA RALLA RALLA
TRALLA LALLA LA

ÉG STUNDA TENNIS, KARATE OG KÖRFUFÓTBOLTA
ÉG KANN AÐ DANSA ALVEG EINS OG NONNI TRAVOLTA
ÉG SYNDI OG ÉG SKOKKA' OG ÞUNGUM LÓÐUM LYFTI ÉG
Í LEIKFIMINNI KÍLÓUNUM AF MÉR SVIPTI ÉG

ÉG ER HRESS OG Í RÆKTINNI ÉG HEF SKO HEIÐURS SESS
ÉG ER HRESS, JÁ ÉG ER HRESS
JÁ, H - R - E - S - S
HRESS HRESS HRESS HRESS HRESS HRESS HRESS
ALVEG SVAKALEGA HRESS
SVO OFSALEGA KVIKUR AÐ FÓLK KALLAR MIG EXPRESS

ÉG ER HRESS, JÁ ÉG ER HRESS
ÉG FER HRAÐAR EN SMS
ALVEG HUNDRAD SINNUM HRESSARI
EN NOKKURT BREIMA FRESS

OG BARA SVO TIL ÖRYGGIS ÉG ÆTLA' AÐ GETA ÞESS
ÉG ER HRESS, ÉG ER HRESS
ÉG ER ALVEG EITURHRESS

AFI GISSI RAPPAR

VELKOMIN Á TÓNLEIKA HJÁ GRALLARANUM GISSA
GAMAN ER AÐ SJÁ YKKUR HÉR ÖLL
ÞAÐ ER EKKI ÓHUGSANDI AÐ EINHVER FARI' AÐ FLISSA
EINHVER JAFNVEL REKI' UPP HLÁTRASKÖLL
MÚSSÍK ER MÉR EDLISLÆG, HÚN ER Í BLÓÐ MÉR BORIN
Í BEIN OG MERG OG SKROKK Á ALLAN HÁTT
OG EINS OG KÚ ÉG HLJÓÐFÆRINU HLEYPÍ ÚT Á VORIN
ÞVÍ HÉR ER BOÐIÐ UPPÁ BUMBUSLÁTT

BUMBA BUMBA BUMBA BUMGA
BUMBABA BUMBABA BUMBAMBA BUMBABA
BUMBADABADABADA BUMBADABADABADA

HÚN HEITIR VOM Á DÖNSKU
HEITIR VENTRE Á FRÖNSKU
OG EINFALDLEGA MAAG Á AFRÍKÖNSKU
OG ÞEIR SEM GLANSA
Í ÞESSUM BRANSA
VITA AÐ Á SPÁNI HEITIR BUMBA PANZA
OG KOLAIA Á GRÍSKU
OG BUNGE Á ÞÝSKU
EN ÞAR ERU BUMBUR REYNDAR Í TÍSKU

BUMBA BUMBA BUMBA BUMGA
BUMBABA BUMBABA BUMBAMBA BUMBABA
BUMBADABADABADA BUMBADABADABADA

PABBI

ÉG ER SJÓMAÐUR DÁÐADRENGUR
SVO DJARFUR OG MJÓR SEM ÞVENGUR
ÉG SIGLI UM HÖF
OG HEF ENGA TÖF
Á SÓFA SEM ÉG FÉKK Í JÓLAGJÖF

ÖLL SAMAN

ÞÓ GEFI Á BÁTINN OG GUSIST
OG GLAÐLEGA Á OKKUR PUSIST
ÞÁ BROSUM VIÐ BREITT
HVERT EINASTA EITT
Í SÓFANUM ÓTTUMST EI NEITT

SYNGJUM SHIP-OHOJ
JÁ, SHIP-OHOJ
SÓFINN HANN VAGGAR NÚ ÖLDUNUM Á
SYNGJUM SHIP-OHOJ
JÁ, SHIP-OHOJ
LANGT ÚT Á HADJÚPIN HÖLDUM VIÐ ÞÁ
SYNGJANDI SHIP-OHOJ

SYNGJUM SHIP-OHOJ
JÁ, SHIP-OHOJ
SÓFINN HANN VAGGAR NÚ ÖLDUNUM Á
SYNGJUM SHIP-OHOJ
JÁ, SHIP-OHOJ
LANGT ÚT Á HADJÚPIN HÖLDUM VIÐ ÞÁ
SYNGJANDI SHIP-OHOJ







TORFI

ALLT Í EINU GERÐIST ALLT Í EINU
ALLT Í EINU ALLT FÓR BARA' Í KLEINU
ÞVÍ ALLT
JÁ, ALLT Í EINU
ALLT Í EINU ENGINN BOTNAÐI NEITT Í NEINU

RÖDD ÚLFS

ALLT Í EINU GERÐIST ALLT Í EINU
ALLT Í EINU ALLT FÓR BARA' Í KLEINU
ÞVÍ ALLT
JÁ, ALLT Í EINU
ALLT Í EINU EKKERT Á HREINU
NÉ Á BEINU

GRÍMA

Ó, KÆRI ÚLFUR, HVERT ERTU FARINN?
ÞÚ, ELSKU BRÓÐIR, VARST EKKI SVO SLÆMUR
VIÐ LITUM Á ÞIG SEM FANT OG FÚLAN DURT
EN GÁTUM STUNDUM ALVEG FÍLAÐ ÞIG Í RÆMUR

TORFI

Ó, ELSKU ÚLFUR
EKKI BARNANNA BESTUR

GRÍMA

EN ELSKU ÚLFUR

SAMT EKKI SEM VERSTUR
ÉG MAN ÞÚ GAFST MÉR GAMLA SÍMANN
ÞINN

TORFI

GERÐIR VIÐ HJÓLIÐ MITT EF ÞAÐ VAR
BILAÐ
ELSKU BRÓÐIR

GRÍMA

Ó, ELSKU ÚLFUR
ÉG VILDI' EKKI HAFIÐ ÞIG HÉR

EN NÚ BIÐ ÉG:
KOMDU BRÓÐIR MINN HEIM

GRÍMA

ÞÓTT ÞÚ HAFIR UNNIÐ TIL SAKA

TORFI OG GRÍMA

ELSKU ÚLFUR, VILTU KOMA TIL BAKA

ALLT Í EINU GERÐIST ALLT Í EINU
ALLT Í EINU ALLT FÓR BARA' Í KLEINU
ÞVÍ ALLT
JÁ, ALLT Í EINU
ALLT Í EINU EKKERT Á HREINU
NÉ Á BEINU

BÁRA FÉLAGSRÁÐGJAFI

GÓÐAN DAGINN - BÁRA HEITI ÉG
FRÁ BARNAVERNDARNEFND
ÝMIS RÁÐ Í VANDA VEITI ÉG
OG VAR ÞVÍ EINMITT HINGAÐ SEND
MÉR SKILST AÐ HÉR BÚI BÖRN SEM BÚI VIÐ
BALS OG SLÆMAN HAG
EF ÞAÐ ER RÉTT ER ÞÖRF AÐ SNÚA VIÐ
ÞESSU ÁSTANDI STRAX Í DAG
ÁHYGGJUR ÉG AF ÞVÍ HEF
ÚT AF ÞVÍ ÉG LÍTIÐ SEF

MAMMA

FÁÐU ÞÉR SÆTI OG SÝNDU' AF ÞÉR KÆTI
OG SJÁÐU, ÉG Á HÉRNA HAUG AF SÆLGÆTI
SEM ÞÚ MÁTT ÚÐA' Í ÞIG EINS OG ÞIG LYSTIR
SVO ERU HÉR GOSDRYKKIR EF AÐ ÞIG ÞYRSTIR
EN LJÓMANDI AÐ ÞÚ SKYLDIR LÍT'INN
EN LABBAÐU EKKI Í HUNDASKÍTINN

BÁRA FÉLAGSRÁÐGJAFI

HVAÐ
ER HÉR UM AÐ VERA
ÞAÐ
VIRÐIST VERA KLÁRT
AÐ
EITTHVAÐ ÞARF AÐ GERA
ÞAÐ GÆTI ORÐIÐ SÁRT
HVAÐ
ER HÉR UM AÐ VERA
ÞAÐ
VIRÐIST VERA KLÁRT
AÐ

EITTHVAÐ ÞARF AÐ GERA
ÞAÐ MUN VERÐA SÁRT

SKÚLI SKÓLASTJÓRI

GÓÐAN DAGINN - SKÚLI SKÓLASTJÓRI HÉR
SKÖMMIN HEFUR FRÉST
MÉR SKILST AÐ BLESSUÐ BÖRNIN TÓRI HÉR
BLÁ OG GUGGIN AF SLÆMRI PEST
VONT EF ÞAU ERU AÐ VESLAST UPP ÚR VOSBÚÐ FYRIR REST
EN VITA EKKI NEITT ER VERST
OG VONT AÐ BÁA VIÐ HEILSUBREST
ÁHYGGJUR ÉG AF ÞVÍ HEF
ER ÞAÐ FLENSA EÐA KVEF?

PABBI

NEI, GAMAN AÐ SJÁ ÞIG, EN FRÁBÆRT AÐ FÁ ÞIG
NÚ FINN ÉG TIL ÍÞRÓTTAFÖT UTANÁ ÞIG
KOMDU SVO MEÐ MÉR Í BOX EÐA BANDÍ
SEM BÖRNIN MÍN NENNA' EKKI LENGUR AÐ STAND'Í
Í BOÐHLAUP EÐA KÖRFU MEÐ KNETTI
EN STÍGÐU' EKKI' Á HUNDA OG KETTI

SKÚLI SKÓLASTJÓRI

HVAÐ
ER HÉR UM AÐ VERA?
ÞAÐ
VIRÐIST VERA KLÁRT
AÐ
EITTHVAÐ ÞARF AÐ GERA
ÞAÐ
GÆTI ORÐIÐ SÁRT
HÉR
EKKI ALLT Í LAGI

ER
EKKI' ER ÞAÐ SEM BEST
HVER
HALDIÐ ÞIÐ AÐ HAGI
SÉR
EINS OG HÉR SÉST?

JÓNÍNA NÁGRANNI

ÉG ER GRANNINN HÉR VIÐ HLIÐINA
HÉR ER ALLT Í STEIK
EF MIÐAÐ ER VIÐ MANNASÍÐINA
MYNDI ÉG SEGJA ÞAU VÆRU VEIK
FRAMKOMA ÞEIRRA ER FÁRÁNLEG ALVEG
ÞAU FÍFLAST OG VAÐA REYK
VIÐ ÞETTA ÁSTAND ER ÉG SMEYK
OG ÆTLA AÐ SKAKKA ÞENNAN LEIK
ÁHYGGUR ÉG AF ÞVÍ HEF
OG ÞVÍ STÍG ÉG ÞETTA SKREF

PABBI OG MAMMA

NÁGRANNI, NÁGRANNI, HVAD ERTU' AÐ SPÁ, GRANNI
HVAD VILTU NÚ, GRANNI? HVAD VILTU FÁ, GRANNI?

JÓNÍNA NÁGRANNI

ÉG? ÉG VIL FRÍÐ, ÉG VIL RÓ, ÉG VIL NÆÐI

MAMMA

HÆTTU ÞÁ SJÁLF ÞESSU BAULI OG BRÆÐI
OG REYNDU AÐ VARAST VÍTIN

PABBI

OG VARASTU LÍKA HUNDASKÍTINN
JÓNÍNA NÁGRANNI OG SKÚLI SKÓLASTJÓRI

HVAÐ
ER HÉR UM AÐ VERA?
ÞAÐ
VIRÐIST VERA KLÁRT
AÐ
EITTHVAÐ ÞARF AÐ GERA
ÞAÐ
GÆTI ORÐIÐ SÁRT
HÉR
EKKI ALLT Í LAGI
ER
EKKI' ER ÞAÐ SEM BEST
HVER
HALDIÐ ÞIÐ AÐ HAGI
SÉR EINS OG HÉR SÉST

UMSJÓNARKENNARI

EITTHVAÐ SKRÍTID ER Á SEYÐI HÉR
AÐ ÚLFI LEITA ÉG
SNJÓLFUR YFIRMAÐUR
ÁGÆT LAUN ÉG, GULLI, GREIÐI ÞÉR
EN GAGNSEMI ÞÍN ER ÖMURLEG
UMSJÓNARKENNARI OG SNJÓLFUR YFIRMAÐUR
AF ÞESSU ÖLLU ÉG ÁLYKTUN DREG:
ALLT ER FARIÐ Á VERSTA VEG

UMSJÓNARKENNARI

MÉR VIRÐIST BÖRNIN VERA TREG
SNJÓLFUR YFIRMAÐUR
JÁ, VANRÆKSLAN ER ALVARLEG

UMSJÓNARKENNARI OG SNJÓLFUR YFIRMAÐUR
ÁHYGGJUR ÉG AF ÞVÍ HEF
ÁKVAÐ ÞVÍ AÐ REKA' INN NEF

MAMMA

SKRIFSTOFUKALLAR OG KENNARABLÆKUR
SEM KUNNA' EKKI ANNAÐ EN VITNA Í BÆKUR
FYLLA AF BULLI ALLA BARNANNA HAUSA
BLA BLA BLA, ÞVAÐRA OG GASPRA OG RAUSA
ÞAMBA SVO KAFFI' EINS OG KENNARA' ER SIÐUR
ÉG KREFST ÞESS AÐ SKÚLINN SÉ LAGÐUR NIÐUR

UMSJÓNARKENNARI OG SNJÓLFUR YFIRMAÐUR

HVAÐ
ER HÉR UM AÐ VERA??
ÞAÐ
VIRÐIST VERA KLÁRT
AÐ
EITTHVAÐ ÞARF AÐ GERA
ÞAÐ
GÆTI ORÐIÐ SÁRT

HÉR
EKKI ALLT Í LAGI
ER
EKKI' ER ÞAÐ SEM BEST
HVER
HALDIÐ ÞIÐ AÐ HAGI
SÉR
EINS OG HÉR SÉST?

AFI GISSI, BOGGA BLÁKOLLA, TORFI OG GRÍMA
GALLSTEINAR Í GLÆRRI KRUKKU
GULIR
ERU BÆÐI' UM LÍF OG LUKKU
DULIR
ÚT ÚR HONUM AFA HRUKKU
Í SIG FORNAN GALDUR DRUKKU
GALLSTEINAR Í GLÆRRI KRUKKU
GULIR

KÓR

SIGLUM UM DRAUMASLÓÐ
SAMAN VIÐ TVÖ
ÉG OG ÞÚ JÓMFRÚ GÓÐ
SIGLUM NÚ SAMAN
SIGLUM UM DRAUMASLÓÐ
SAMAN VIÐ TVÖ
SYNGJANDI LJÚFLINGSLJÓÐ
Í STAFNI SAMAN ÉG OG ÞÚ
ÓSKIR - ÓSKIR
ÓSKIR GETAR RÆST
ÞAÐ ER VISSARA' AÐ FARA VARLEGA
VISSARA' AÐ ÓSKA SPARLEGA
JÁ, ÓSKIR - ÓSKIR
ÓSKIR GETAR RÆST
OG ÉG GET Á ÞAÐ SJÁLFUR SÆST
ÞVÍ SEGI ÉG GÆTTU ÞÍN, ELSKAN MÍN
ÞVÍ ÓSKIR GETA RÆST



SKJALDMEYJAR HAFSINS

frumsýnt
28. mars

Hjartnæmt heimildaverk um blákaldan sannleikann sem konur sjómanna glíma við þegar erfiðleikar steðja að úti á hafi. Sýningin er samstarfsverkefni leikhópsins Artik og Leikfélags Akureyrar.

